



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnu
Samtaka blindra og sjónskertra
Mannréttindi – misrétti
Reykjavík
25. ágúst 2005**

Ágætu ráðstefnugestir
Kæru norrænu vinir

Þegar við komum saman til að ræða þróun mannréttinda á okkar tímum og hvernig við getum dregið úr misréttinu, metum stöðu blindra og annarra sem búa við fötlun af ýmsu tagi, þá veitir það okkur aukinn styrk að hafa í huga hve ríkulegar breytingar hafa þrátt fyrir allt orðið á æviskeiði þeirra sem nú eru á efri árum, einkum ef horft ert til ástandsins á öldinni þegar velferðin var framandi hugsun og mannréttindi höfðu ekki verið fest í stjórnarskrár.

Við þekkjum vonbrigðin sem oft eru hlutskipti þeirra sem sækja á brattann og knýja á um breytingar sem eru á skjön við tíðarandann. Okkur finnst taka langan tíma að afla skilnings á umbótum sem brýnar eru og forgangsefnin sem eru efst á verkefnaskrá samfélagsins vera annarrar ættar en við helst kjósum.

Samt er nauðsynlegt að hafa í huga að barátta þeirra sem áður fyrr voru í fararbroddi hefur í reynd skilað árangri sem væri ótrúlegur í hugum þeirra sem snemma á síðustu öld voru brautryðjendur.

Norðurlönd eru nú talin fyrirmynd hvað réttindi og aðbúnað snertir og á sama tíma og mikill meirihluti mannkyns býr í samfélögum sem eru órafjarri því sem við teljum sjálfsagða hluti. Milljónir fatlaðra í Afríku, Asíu, Suður-Ameríku og reyndar víðar í veröldinni myndu telja norrænan árangur draumaveröld.

Vandinn sem við okkur blasir er einkum fölginn í því hvernig við tvínum saman framfararsókn á Norðurlöndum, umbætur í eigin garði, og samstöðu með bræðrum og systurum í fjarlægum löndum sem eru á

byrjunarstigi í baráttunni fyrir réttindum sínum, hvernig við höldum vöku okkar heima fyrir og verðum virk á alþjóðavelli, nýtum reynslu okkar til að koma öðrum til hjálpar.

Viðhorfin til mannréttinda hafa tekið stakkaskiptum á undanförunum áratugum, félagsleg réttindi eru nú talin sjálfsagður þáttur í grundvallarskipan á þessu sviði, rétturinn til vinnu, menntunar, þátttöku í ýmsum athöfnum samfélagsins.

Misrétti með rætur í fötlun er í vaxandi mæli talið óhæfa, á engan hátt samrýmast siðrænum grundvelli samfélagsins. Slík siðferðisvitund hefur mótandi áhrif á lagatexta, er vitnisburður um gildin sem við teljum til eðalkosta þegar við metum hvar við stöndum í þróuninni.

Það er ánægjulegt að umræðan um aukinn lagalegan rétt er enn að sækja í sig veðrið og þáttur mannréttinda í samskiptum á alþjóðavelli verður sífellt umfangsmeiri. Fjölmargir samningar hafa verið gerðir á undanförunum áratugum, alþjóðlegir sáttmálar sem tryggja jafnan rétt á ýmsum sviðum og færa fólki mikilvæg tækifæri, réttinn til að njóta lífsins til jafns við aðra.

Stofnanir sérhæfðar í mannréttindum hafa tekið til starfa víða um lönd og æ fleiri fræðimenn láta nú til sín taka á þessu sviði. Sú unga kynslóð sem numið hefur alþjóðalög á umliðnum árum hefur í ríkari mæli gert sig gildandi í þessum efnunum.

Réttindabarátta þeirra sem þurfa vegna fötlunar að sækja á brattann getur nú sótt styrk í sífellt viðameira fræðastarf, ritverk og málflutning sérfræðinga sem vinna úr lagatextum og alþjóðlegri samningagerð ítarleg rök sem réttlæta sanngjarnar kröfur fólksins.

Málefni blindra og sjónskertra hafa á margvíslegan hátt endurspeglad þessa þróun og við Íslendingar höfum glaðst yfir framförunum sem orðið hafa.

Blindrafélagið hefur um langan tíma verið öflug baráttusveit og notið virðingar í þjóðfélaginu; rödd þess ætíð hljómað skýrt þegar réttindamál eru á dagskrá.

Fyrr á árum var verkstöð blindra einkum bundin við framleiðslu á fáeinum sviðum en nú hefur tæknin opnað blindum leiðir að flestum störfum. Blindir og sjóndaprir hafa hér á landi átt fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur og einnig á Alþingi Íslendinga – og ég veit að ýmsum í öðrum flokkum finnst nóg um hve skarpa sýn hinn nánast blindi þingmaður hefur á frumvörp og tillögur sem eru á dagskrá þingsins. Þar hefur tölvutæknin gert honum kleift að flytja mál sitt til jafns við aðra.

Ég nefni þetta dæmi hér, dæmi frá daglegum störfum elstu stofnunar okkar Íslendinga, Alþingis sem stofnað var á Þingvöllum fyrir meir en þúsund árum, stofnunar sem er eldri en sjálf kirkjan, vegna þess að það sýnir í hnotskurn samspil tækninnar og réttindanna, hvernig framþróun í hugbúnaði og vísindum getur gjörbreytt grundvelli baráttunnar, gert raunhæft í dag það sem var fyrrum draumur.

Þess vegna er mikilvægt að framsýnin ráði för í umræðum um endurbætur, að baráttan gegn misréttinu taki mið af nýjum tækifærum, að við skilgreinum mannréttindin á þann hátt að nýjar víddir opnast.

Við sækjum einnig styrk í árangurinn sem náðst hefur í öðrum löndum, í fordæminu sem aðrir skapa með sínum sigrum – og þannig verður viðleitni okkar í senn tengd heimaslóð og alþjóðavelli.

Ég veit að sá andi er einmitt kjarninn í nálguninni sem setur svip á dagskrá umræðnanna sem hér munu fara fram og ég vona að niðurstöðurnar muni leiða til framfara á mörgum sviðum.

Með þeim orðum set ég ráðstefnuna „Mannréttindi – misrétti“ og óska ykkur allra heilla.